

Stórþingskosningar 2021

Úttekt

Þingskosningar í Noregi 13. september 2021

Úttektin fjallar um undirbúning og aðdraganda þingskosninga í Noregi 13. september 2021, norska kosningakerfið, stjórn málasamtökin sem bjóða fram við kosningarnar og vikið er að nokkrum helstu kosningamálunum. Ný kosningalöggjöf er í undirbúningi í Noregi og eru þingskosningarnar haustið 2021 því að öllum líkindum hinar síðustu sem fara fram eftir núgildandi lögum.

Varúðarráðstafanir

Þótt ekki hafi til þessa orðið uppvíst um tilraunir utanaðkomandi afla til að hafa áhrif á þingskosningar í Noregi eða spilla þeim gerðu norsk stjórnvöld talsverðar varúðarráðstafanir í aðdraganda kosninganna 2021 til að vinna gegn mögulegum atilögum að framkvæmd þeirra og einnig til að fyrirbyggja að kosningabarátta flokka og frambjóðenda yrði fyrir truflunum. Ríkisstjórnin fól öryggis- og löggæslustofnunum landsins ýmis verkefni á þessu sviði og gerðar voru ráðstafanir til að vernda frambjóðendur fyrir hatursorðræðu og fletta ofan af uppspuna og falsfregnum. Enn fremur voru gerðar öryggisúttektir og endurbætur á rafrænum kerfum sem notuð eru við framkvæmd kosninganna.¹

Norska kosningakerfið

Kjördæmi

Noregur skiptist í 19 kjördæmi og samsvara þau fylkjamörkum eins og þau voru frá 1972 þar til gagnger breyting á fylkjaskipaninni gekk í gildi í ársbyrjun 2020 og þau urðu 11 talsins. Fylkin eru landfræðileg afmörkun þriðja stjórnsýslustigsins og komu í stað amta í stjórnkerfi Noregs árið 1919. Það var árið 1948 sem sú skipan að mörk fylkja og kjördæma væru hin sömu var leidd í lög og var fyrst kosið samkvæmt þeirri tilhögun árið 1953.

Norsk stjórnvöld tóku ákvörðun um að breyta ekki kjördæmamörkum til samræmis við hina nýju fylkjaskipan. Núverandi kjördæmi gegna því engu öðru hlutverki.

Þingmannatala í norsku kjördæmunum ræðst af tvennu; fjölda íbúa og flatarmáli kjördæmisins (no. *arealfaktor*). Vægi þessara þátta er þannig að hver íbúi vegur einn punkt en hver ferkílómetri 1,8 punkta og hyglir þetta fyrirkomulag því strjálbýlum svæðum. Endurskoða skal forsendur fyrir úthlutun kjördæmasæta áttunda hvert ár þannig að þingmannafjöldi kjördæmis taki mið af búsetuþróun.

Myndin að ofan er fengin af [heimasíðu Stórþingsins](#) og veitir yfirlit yfir fjölda þingmanna sem kjörnir verða í hverju hinna 19 kjördæma í þingskosningunum 2021 og breytingar sem verða á milli kjördæma vegna búsetuþróunar frá síðustu þingskosningum árið 2017.



¹ [Tiltak for å hindre uønsket påvirkning i valget.](#)

Kjörkort

Samkvæmt kosningalögum skulu kjörstjórnir í Noregi senda út kjörkort (no. *valgkort*) til allra sem eru á kjörskrá. Kjörkortid er staðfesting á kosningarrétti og á því kemur fram í hvaða sveitarfélagi kjörstaður kjósandans er, upplýsingar um kjördag o.fl. Þá er á kjörkortinu strikamerki sem samsvarar skráningu kjósandans í kjörskrá. Í fyrstu var kjörkortid prentað á pappír og sent í pósti en er nú rafrænt.

Kjósendum er ekki skylt að hafa kjörkortid með sér á kjörstað og það hefur engin áhrif á kosningarrétt. Það gegnir einkum þeim tilgangi að minna á kosningarnar og veita upplýsingar um þær og þykir einnig flýta fyrir framkvæmdinni á kjörstað.

Kjörtímabil og kjördagur

Kjörtímabil þingmanna á þjóðþingi Norðmanna – [Stórþinginu](#) – er fjögur ár og hefur verið svo frá 1938 en var þrjú ár fram til þess. Stjórnarskrá Noregs heimilar ekki þingrof og því fara kosningar til þjóðþingsins ávallt fram á fjögurra ára fresti. Samkvæmt kosningalögum skal halda þingkosningar á mánudegi í september á síðasta ári kjörtímabils en ríkisstjórn ákveður hvaða septembermánudagur verður fyrir valinu. Frá 1961 hefur kjördagur stórþingskosninga verið annar mánudagur í september og svo er einnig nú þegar þingkosningar fara fram 13. september. Sveitarstjórnnum er þó heimilt að láta kosningar einnig fara fram 12. september.

Kosningar til Samþingsins – [Sámediggi](#) – fara fram samhliða kosningum til Stórþingsins. Kjörnir eru 39 fulltrúar í sjó kjördæmum og sérstök kjörskrá er gerð vegna samþingskosninga. Ekki er fjallað um kosningar til Samþingsins í þessari úttekt.

Kosningarréttur og kjörgengi

Allir norskir ríkisborgarar sem ná 18 ára aldri á kosningarárinu og hafa einhvern tíma verið búsettir í Noregi hafa kosningarrétt í þingkosningum. Um 3,88 milljónir Norðmanna verða á kjörskrá þegar atkvæðagreiðsla í þingkosningum haustsins 2021 hefst.

Dómar vegna tiltekins refsiverðs athæfis geta falið í sér missi kosningarréttar og kosningarréttur getur einnig farið forgörðum við það að kosningarréttarhafinn gangi í þjónustu erlends ríkis án samþykkis norskra stjórnvalda.

Allir sem hafa kosningarrétt í Noregi eru kjörgengir í þingkosningum þar í landi að frátöldum hæstaréttardómurum og starfsmönnum ráðuneytanna og utanríkisþjónustunnar.

Í ársbyrjun 2020 var numið úr norsku stjórnarskránni ákvæði sem skyldaði kjörgenga Norðmenn til að taka sæti á framboðslista. Fram til þess höfðu við flestar þingkosningar verið einhver brögð að því að nöfn fólks, einkum þekktara einstaklinga, væru sett á framboðslista í óþökk þeirra.

Skrá um stjórnmalaflokka

Til er í Noregi sérstök stjórnmalaflokkaskrá, [Partiregistret](#). Ekki er skylt að skrá stjórnmalaflokka í þessa skrá og skráning þar er ekki forsenda framboðs í þingkosningum en ekki geta aðrir flokkar en þeir sem skráðir eru fengið einkarétt á að bjóða fram undir tilteknu flokksheiti. Þá koma ekki aðrir flokkar en þeir sem skráðir eru til álita við úthlutun jöfnunarsæta.

Talning atkvæða

Kjörstjórnir í sveitarfélögum annast talningu atkvæða og er það undir þeim komið hvort talið er á kjörstöðum eða atkvæðum safnað saman til talningar á sérstökum talningarstað. Ekki er þó heimilt að telja atkvæði á kjörstöðum þar sem færri en 100 manns eru á kjörskrá.

Ekki má birta tölur úr atkvæðatalningu fyrr en eftir lokun kjörstaða kl. 21.

Þingsæti á Stórþinginu

Alls eru 169 þingmenn á Stórþinginu og þingið starfar í einni málstofu. Kjördæmasæti eru 150 og jöfnunarsæti 19, eitt fyrir hvert kjördæmi. Jöfnunarsætum var fyrst komið á í Noregi árið 1988. Þau voru þá átta en hafa verið 19 frá og með þingkosningunum 2005. Jöfnunarsæti eru um 11% þingsæta á Stórþinginu og gegna því hlutverki að draga úr ójafnvægi sem kjördæmakerfið getur skapað milli þingstyrks flokkanna og atkvæðahlutfallsins sem kom í þeirra hlut í kosningunum.

Þröskuldsgildi

Í mörgum kosningakerfum, og einnig hinu norska sem og því íslenska, er gerð krafa um tiltekið lágmarkskjörfylgi framboðs á landsvísu – þröskuldsgildi eða þingþröskuld – til að það geti átt möguleika á

Þingsæti eða jöfnunarþingsæti og er það 4% í Noregi. Á norsku nefnast þessi mörk *sperrgrense* og þau gegna því hlutverki að draga úr áhrifum smáflokka sem fá færri þingsæti vegna þeirra en þau hlytu ella.

Í Noregi hefur krafa um lágmarkskjörfylgi aðeins áhrif við úthlutun jöfnunarþingsæta en ekki koma önnur framboð til álita við úthlutun jöfnunarsæta en þau sem hafa hlotið a.m.k. 4% fylgi á landsvísu.

Úthlutun þingsæta

Úthlutun kjördæmaþingsætanna 150 til kjördæmanna fer fram áttunda hvert ár og hefst með því að lagður er saman fjöldi íbúa kjördæmisins og „flatarmálsþátturinn“ sem er ferkílómetrafjöldi þess, margfaldaður með 1,8. Síðan er beitt Sainte-Laguë-deilireglu² með deilitölunum 1, 3, 5, 7 o.s.frv. til að reikna út kvóta kjördæmanna og er þingsætum úthlutað á grundvelli niðurstöðunnar af þessum útreikningum þannig að fyrsta sætið hlýtur það kjördæmi sem hefur hæsta kvótann, annað sætið fellur í hlut þess sem næsthæsta kvótann hefur og svo koll af kalli uns öll 150 kjördæmasætin eru gengin út og ljóst er orðið hve mörg þingsæti verða í hverju hinna 19 kjördæma við næstu kosningar.

Þegar kjördæmasætum er úthlutað til stjórnmalahreyfinga á grundvelli kosningaúrslita er beitt breyttri Sainte-Laguë-deilireglu þar sem fyrsta deilitalan er 1,4. Þessi útfærsla reglunnar hyglir stærri flokkum en þar sem enginn norsku stjórnmalaflokkanna er yfirgnæfandi stór um þessar mundir er þýðing þessarar útfærslu minni en ella væri.

Landskjörstjórn Noregs úthlutar jöfnunarþingsætunum 19, einu til hvers kjördæmis. Einungis framboð sem ná þröskuldsgildinu og hafa fengið a.m.k. 4% fylgi á landsvísu geta hlotið jöfnunarþingsæti. Reiknaðir eru út kvótar fyrir hvert framboð sem til greina kemur og hlýtur sú stjórnmalahreyfing fyrsta jöfnunarþingsætið sem hæstan hefur kvótann og svo koll af kalli þar til öllum jöfnunarsætunum 19 hefur verið úthlutað.

Kjörsókn

Kjörsókn í þingkosningum í Evrópu hefur minnkað frá því um 1990 og svo er einnig í Noregi en þar er þó samdráttur í kosningaþátttöku á undanförunum áratugum minni en í flestum öðrum Evrópulöndum. Í þingkosningum frá 1965 til 1989 var heildarkjörsókn ávallt yfir 80% en hefur verið minni en það í öllum kosningum eftir 1990. Allnokkur munur er á þátttöku Norðmanna í þingkosningum eftir lengd skólavistar þeirra. Í síðustu kosningum var kjörsókn um 25 prósentustigum meiri hjá fólki með langa skólamenntun en þeim sem höfðu hætt námi eftir grunnskóla. Hefur þessi munur aukist á undanförunum áratugum.

Kjörsókn innflytjenda með kosningarrétt er minni en þeirra sem fæddust í Noregi og sama á við um Norðmenn sem komnir eru af innflytjendum í fyrsta eða annan lið.

Fram um 1990 var kjörsókn kvenna nokkru minni en kjörsókn karla en í undanförunum þingkosningum hefur þátttaka kvenna verið ívið meiri og heldur hefur dregið í sundur með kynjunum. Ungir karlar með stutta skólamenntun eru ólíklegastir Norðmanna til að neyta kosningarréttar. Um þriðjungur þeirra gerði sér ekki erindi á kjörstað í síðustu stórþingkosningum.

KJÖRSÓKN Í STÓRÞINGSKOSNINGUM 2001–2017			
ÁR	KJÖRSÓKN ALLS	KJÖRSÓKN KARLA	KJÖRSÓKN KVENNA
2001	75,5%	75,1%	75,8%
2005	77,4%	76,6%	78,4%
2009	76,4%	76,1%	76,7%
2013	78,2%	76,8%	79,9%
2017	78,2%	76,7%	79,7%

Heimild: [Statistisk sentralbyrå. Valgdeltakelse.](#)

Framboð, flokkar og fylkingar

Framboð

Hlutfallskosningu er beitt í Noregi og listaframboð er allsráðandi við þingkosningar. Úrslit þeirra ráðast því af hlutfalli atkvæða hvers framboðslista af heildaratkvæðatölunni. Heimilt er samkvæmt norskum kosningalögum

² [Samanburður á úthlutunaraðferðum.](#)

að breyta röð frambjóðenda á lista en til þess að af því verði þarf yfir helmingur kjósenda í kjördæmi að gera sömu breytinguna. Röð frambjóðenda hefur aldrei breyst í þingkosningum frá því að reglurnar voru innleiddar árið 1920 og má líta svo á að ákvæði um breytingu á röð frambjóðenda í norsku kosningalöggjöfinni séu þýðingarlaus.

Skráð stjórnmalasamtök og önnur samtök geta boðið fram lista við stórþingskosningar. Kjörstjórn í hverju kjördæmi ber að fara yfir tillögu aðstandenda framboðs að framboðslista, gæta þess að hún uppfylli þau skilyrði sem sett eru og samþykkja þær sem það gera. Frestur til að leggja fram framboðslista rennur út 31. mars á kosningarári. Hafi stjórnmalasamtök hlotið a.m.k. 500 atkvæði í kjördæminu í síðustu kosningum, eða a.m.k. 5.000 atkvæði á landsvísu, nægir að framboðslisti þeirra sé staðfestur af tveimur stjórnarmönnum í flokksfélagi þess kjördæmis þar sem framboðið er fyrirhugað. Önnur stjórnmalasamtök þurfa að láta undirskriftir a.m.k. 500 einstaklinga með kosningarrétt fylgja framboðslista sínum í því kjördæmi sem bjóða á fram í.

Þegar framboðsfrestur rann út á hádegi 31. mars 2021 varð ljóst að 351 framboðslisti hafði komið fram í öllum 19 kjördæmum Noregs og hafa þeir aldrei verið fleiri. Flokkarnir nú sem nú hafa þingmenn á Stórþinginu bjóða fram í kjördæmunum 19 og það gera einnig [Partiet De Kristne](#), [Industri- og Næringspartiet](#) og [Partiet Sentrum](#). [Liberalistene](#) og [Pensjonistpartiet](#) bjóða fram í 18 kjördæmum og [Helsepartiet](#) í 16. Þessu til viðbótar eru stjórnmalasamtök sem bjóða fram í færri kjördæmum.

Flokkar á þingi

Alls buðu 24 stjórnmalaflokkar og stjórnmalasamtök fram við þingkosningarnar sem haldnar voru í Noregi haustið 2017. Níu þeirra hlutu þingsæti og eru sögð deili á þeim hér á eftir. Kjölfylgi á landsvísu 2017 er látið ráða röðinni. Fylgiskannanir benda til þess að þessir flokkar eigi allir möguleika á þingsæti í komandi kosningum en allar líkur eru á breytingum á styrkleikahlutföllum þeirra. Tveir þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn, Venstre og Kristelig Folkeparti, virðast standa nokkuð höllum fæti og gætu farið undir 4% mörkin sem krafist er vegna jöfnunarþingsæta. Fremskrittspartiet, sem átti aðild að ríkisstjórn Noregs um sex ára skeið á síðustu tveimur kjörtímabilum, stendur einnig frammi fyrir ærnu fylgistapi ef marka má fylgiskannanir.

FLOKKAR Á STÓRÞINGINU EFTIR KOSNINGAR 11. SEPTEMBER 2017				
HEITI FLOKKS	ATKVÆÐA- HLUTFALL	FJÖLDI ÞINGSÆTA	JÖFNUNARSÆTI	BREYTING Á ÞINGMANNAFJÖLDA
Arbeiderpartiet	27,4%	49	0	-6
Høyre	25,0%	45	3	-3
Fremskrittspartiet	15,2%	27	0	-2
Senterpartiet	10,3%	19	1	+9
Sosialistisk Venstreparti	6,0%	11	6	+4
Venstre	4,4%	8	4	-1
Kristelig Folkeparti	4,2%	8	5	-2
Miljøpartiet De Grønne	3,2%	1	0	0
Rødt	2,4%	1	0	+1

Heimild: [VALG. Tall for hele Norge. Stortingsvalg 2017.](#)

[Arbeiderpartiet – Verkamannaflokkur Noregs](#)

Verkamannaflokkurinn er jafnaðarmannaflokkur, stofnaður 1887. Formaður hans nú og frá árinu 2014 er [Jonas Gahr Støre](#). Frá því í þingkosningum ársins 1927 hefur Verkamannaflokkurinn verið stærsti flokkur Noregs og burðarás í norskum stjórnmalum. Fyrr á tíð var Verkamannaflokkurinn jafnan einn í ríkisstjórn þegar hann fór með ríkisstjórnarvöld og ríkisstjórnin sem var við lýði á árabílinu 2005–2013, og oft var kölluð rauðgræna ríkisstjórnin, var fyrsta samsteypustjórnin sem flokkurinn átti aðild að, að útlagastjórninni sem sat í Lundúnum á árum síðari heimsstyrjaldar frátalinni.

Verkamannaflokknum vegnaði illa í þingkosningum 2013 og sömu sögu var að segja í sveitarstjórnarkosningum árið 2019. Innra starf flokksins hefur verið nokkuð rýsjótt undanfarið og deilur hafa staðið um suma leiðtoga hans, m.a. vegna meintra eða sannaðra siðferðisbrota. Skoðanakannanir á kjörtímabilinu veittu lengstum vísbendingu um að fylgi flokksins færi hnignandi en hinar síðustu hafa sýnt nokkra fylgisaukningu hans og bent til þess að Verkamannaflokkurinn sé enn stærsti flokkur Noregs.

Høyre – Hægriflokkurinn

Hægriflokkurinn var stofnaður í ágúst árið 1884 og er næstelsti starfandi stjórnmálaflokkur Noregs. Flokkurinn hefur átt aðild að mörgum ríkisstjórnnum og fjórir af forsætisráðherrum landsins eftir 1960 komu úr Hægriflokknum. Hann telst því kjölfestuflokkur í norskum stjórnmálum. Leiðtogi flokksins nú er [Erna Solberg](#) sem verið hefur forsætisráðherra Noregs frá 2013. Hægriflokkurinn er meðal þeirra stærri í Noregi og hlaut næstmest fylgi á eftir Verkamannaflokknum í síðustu þingkosningum árið 2017. Gengi Hægriflokksins í þingkosningum 2005 og 2009 var heldur slakt en 2013 vann flokkurinn mikinn sigur, hlaut 26,8% atkvæða og 48 þingsæti. Hluttur Hægriflokksins í kosningum ársins 2017, að lokinni fjögurra ára stjórnarsetu, mátti einnig teljast ágætur, 25,0% atkvæða og 45 þingsæti.

Fyrrum var Hægriflokkurinn talinn til íhaldsflokka en skilgreinir sig nú sjálfur sem frjálslyndan íhaldsflokk (no. [liberalkonservativt parti](#)) sem byggir starf sitt á kristinni menningararfleifð, réttarríkinu og lýðræði. Flokkurinn heldur fram kostum einkareksturs og einstaklingsframtaks og vill takmarka umsvif hins opinbera í atvinnulífi Noregs. Á þessari öld hefur Hægriflokkurinn einnig lagt mikla áherslu á velferðarmál, ekki síst eftir að Erna Solberg tók að veita honum forystu árið 2004. Hefur þetta án efa orðið til þess að afla flokknum kjölfylgis en veldur því einnig að margir Norðmenn telja næsta lítinn mun orðinn á Hægriflokknum og Verkamannaflokknum en forysta beggja flokka vísar slíku tali á bug sem fjarstæðu.

Skoðanakannanir í aðdraganda þingkosninganna í haust hafa gefið til kynna að fylgi Hægriflokksins verði nokkru minna en það var í kosningunum 2017 en ekkert bendir til að það hriðfalli. Er því líklegt að Hægriflokkurinn verði, eftir sem áður, annar stærsti flokkur Noregs að kosningum loknum.

Fremskrittspartiet – Framfaraflokkurinn

Framfaraflokkurinn var stofnaður undir öðru heiti árið 1973 en hefur borið núverandi nafn frá 1977. Núverandi leiðtogi flokksins er [Sylvi Listhaug](#) sem gegndi ráðherraembættum í ríkisstjórn Noregs á árabílinu 2013–2020. Flokkurinn tilheyrir hægri hlið norskra stjórnmála og kennir sig sjálfur við frjálslyndisstefnu – liberalisma – með áherslu á að takmarka skattheimtu og setja umsvifum hins opinbera skorður en andstæðingar Framfaraflokksins telja hann gjarnan til hægri pópúlístaflokka. Undir lok 9. áratugar síðustu aldar tók flokkurinn að gefa meiri gaum að innflytjendamálum og smám saman varð andstaða við innflytjendastefnu Noregs eitt helsta mál Framfaraflokksins sem vill að reglur um viðtöku flóttamanna og hælisleitenda séu strangar. Þá hefur flokkurinn kynnt sig sem verndara evrópskrar menningararfleifðar og kristinna gilda og varað við meintum áhrifum íslams á norskt samfélag.

Framfaraflokkurinn hefur hlotið fulltrúa á Stórþinginu í öllum kosningum frá 1973 nema einum. Mest varð fylgisaukning hans í kosningunum 2005 er hann hlaut 22,1% atkvæða og 38 þingmenn og mest fylgi hlaut Framfaraflokkurinn árið 2009, 22,9% atkvæða og 41 þingmann, og varð þá næststærsti þingflokkurinn á Stórþinginu.

Að loknum þingkosningum 2013 lauk stjórnarandstöðutið Framfaraflokksins sem hafði staðið allt frá stofnun flokksins er liðsmenn hans gengu til ríkisstjórnarsamstarfs þrátt fyrir verulegt fylgistap í kosningunum þetta ár þar sem flokkurinn hlaut 29 þingsæti í stað 41 áður. Ráðherrar úr röðum Framfaraflokksins sátu í ríkisstjórn í sex ár, frá hausti 2013 þar til í janúar 2020. Aðrir flokkar í ríkisstjórninni höfðu þá náð samkomulagi um að heimila norskri konu sem ásökuð var um liðveislu við ISIS-samtökin og börnum hennar tveimur að snúa aftur til Noregs úr flóttamannabúðum í Sírylandi og varð þetta til þess að leiðir skildi.

Í síðustu þingkosningum hlaut Framfaraflokkurinn 15,2% atkvæða. Niðurstöður síðustu skoðanakannana á fylgi við stjórnmálaflokka benda til þess að fylgi hans í kosningunum í haust verði á bilinu 10% til 11% og á flokkurinn því talsvert fylgistap í vændum ef kosningaúrslit verða á þessa leið.

Í ár er áratugur liðinn frá árásum fjöldamorðingjans Anders Behrings Breiviks sem myrti 77 manns í tveimur atlögum 22. júlí 2011. Voru flest hinna myrtu ungliðar úr Verkamannaflokknum og sum á barnsaldri. Ódæðismaðurinn var liðsmaður Framfaraflokksins árum saman og tók þátt í starfi hans og þótt Breivik segði skilið við flokkinn nokkrum árum áður en hann framdi illvirki sín og talsmenn Framfaraflokksins hafi ávallt fordæmt verknað hans á alla lund gæti upprifjun á atburðunum 22. júlí 2011 og aðdraganda þeirra reynst Framfaraflokknum nokkur dragbítur í þingkosningunum haustið 2021.

Senterpartiet – Miðflokkurinn

Miðflokkurinn hefur starfað frá 1920 og er því meðal hinna rötgrónu flokka í norskum stjórnmálum. Núverandi formaður hans, [Trygve Slagsvold Vedum](#), hefur veitt flokknum forystu frá 2014. Flokkurinn hét upphaflega Bændaflokkurinn (no. *Bondepartiet*) enda runninn upp í samtökum bænda og áherslumál tengd landbúnaði,

matvælaframleiðslu og búsetu í dreifbýli eru enn áberandi á stefnuskrá hans. Miðflokkurinn hefur bæði átt aðild að hægri og vinstri stjórnunum. Síðasta ríkisstjórn sem hann lagði til ráðherra var ríkisstjórn Jens Stoltenbergs á árunum 2005–2013. Í aðdraganda kosninganna 2017 gagnrýndi Miðflokkurinn margt í stefnu Hægri flokksins og gerði ágreining við hann um ýmis þeirra mála sem þá voru í deiglu. Lá því fyrir að Miðflokkurinn yrði ekki meðal stjórnarflokka í ríkisstjórn Ernu Solberg og var talinn líklegur til að ganga til ríkisstjórnarsamstarfs með Verkamannaflokknum að loknum komandi kosningum. Formaðurinn hefur hins vegar lýst því yfir að samvinna við Hægri flokkinn sé ekki óhugsandi og gefur þannig undir fótinn með nýjan stjórnarmyndunarmöguleika.

Frá því á 8. áratug síðustu aldar hefur kjölfylgi Miðflokksins verið 5% til 7% og þingmennirnir 10 til 12 nema í kosningunum 1993 þegar svo bar við að fylgi hans rauk upp og þingmennirnir urðu 32. Aðild Miðflokksins að rauðgrænu ríkisstjórninni á árunum 2005–2013 breytti litlu um kjölfylgi hans en í kosningunum 2017 sótti flokkurinn verulega í sig veðrið, kjölfylgið varð 10,3% og þingsætin 19. Skoðanakannanir í aðdraganda komandi kosninga bentu fyrr á þessu ári til þess að Miðflokkurinn myndi auka fylgi sitt umtalsvert og í ljósi þess hefur formaður hans lýst því yfir að hann sé reiðubúinn til að takast á hendur stjórnarmyndun og að gegna embætti forsætisráðherra í næstu ríkisstjórn. Upp á síðkastið hefur áhugi kjósenda á Miðflokki hans vegar minnkað talsvert í skoðanakönnunum og að sama skapi hefur dregið úr líkum á því að Trygve Slagsvold Vedum verði næsti forsætisráðherra Noregs.

Sosíalísk Venstrepartí – Sósíalíski vinstriflokkurinn

Sósíalíski vinstriflokkurinn (SV) varð til árið 1975 við samruna flokka og samtaka yst á vinstri væng norskra stjórn mála sem auk vinstri stefnunnar áttu sameiginlega andstöðu við aðild Noregs að Evrópubandalaginu sem kosið var um og felld í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1972. [Audun Lysbakken](#) hefur verið formaður flokksins frá 2012.

Sósíalíski vinstriflokkurinn leggur mikla áherslu á umhverfis- og loftslagsmál og einnig eru félags- og jafnréttismál í viðum skilningi ofarlega meðal stefnumála hans og flokkurinn telur sig til femínískra stjórn málaafla. Enn fremur leggur SV áherslu á að innleiða sósíalískt hagkerfi og endurmeta og breyta aðferðum samfélagsins við úthlutun efnislegra gæða í þágu hinna efnaminni.

Sósíalíski vinstriflokkurinn hefur borið þingsæti úr bytjum í öllum kosningum sem hann hefur tekið þátt í en gengi hans hefur verið ærið misjafnt. Fæst urðu þingsætin eftir kosningarnar 1977, aðeins tvö, en flest 2001 þegar SV hlaut 12,5% atkvæða og 23 þingsæti. Með kosningasigrinum 2001 hófst umbreyting SV úr kerfisgagnrýnisflokki sem einatt kaus sér hlutskipti stjórnarandstöðunnar í flokk sem vissulega temur sér enn gagnrýni á samfélagsskipanina og markaðskerfið en sækist jafnframt eftir þeim völdum og áhrifum sem stjórnarseta færir með sér. Þessi vegferð leiddi til aðildar SV að hinni rauðgrænu ríkisstjórn Jens Stoltenbergs sem sat á árunum 2005–2013, enda þótt kjölfylgi flokksins rýrnaði verulega í þingkosningunum 2005 er það varð 8,8%, og enn dróst það saman 2013 þegar SV hlaut aðeins 4,1% atkvæða og 7 þingsæti. Þótti sú niðurstaða bera vott um að leiðtogar flokksins hefðu fjarlægst kjósendur sína og ekki náð þeim árangri í ríkisstjórn sem þeir væntu af honum. Í síðustu þingkosningum vegnaði SV betur og fylgið varð 6%. Skoðanakannanir á þessu ári benda til þess að fylgi SV sé heldur á uppleið og gæti það orðið á bilinu 7% til 8% í haust ef kannanirnar gefa rétta vísbendingu um gengi flokksins.

Venstre – Vinstriflokkurinn

Vinstriflokkurinn er elsti starfandi stjórn mála flokkur í Noregi, stofnaður í janúar árið 1884. Þrátt fyrir heiti sitt, sem helgast af stjórn mála fyrir tíma, er flokkurinn alls ekki vinstra megin á stjórn málarófi samtíðarinnar heldur telur hann sig til frjálslyndra miðjuflokka og aðhyllist einstaklingsfrelsi, einstaklingsábyrgð, mannréttindi og valddreifingu. Enn fremur lætur hann sér nú orðið mjög títt um loftslags- og umhverfismál. Formaður flokksins er [Guri Melby](#) sem jafnframt hefur gegnt ráðherraembætti í ríkisstjórn Ernu Solberg frá 2020.

Frá stofnun Vinstriflokksins og fram um 1930 mátti kalla hann stórveldi í norskum stjórn mála en frá og með Stórþingskosningum ársins 1973 hefur hann ekki hlotið meira kjölfylgi en 5,9% í kosningunum 2005 og í tvennum kosningum, 1985 og 1989, tókst Vinstriflokknum ekki að fá fulltrúa á Stórþingið.

Vinstriflokkurinn átti aðild að hægri stjórninni sem sat á árunum 2001–2005 þótt hann hefði þá aðeins tvö sæti á Stórþinginu eftir slæma útreið í kosningum ársins 2001. Betur gekk flokknum í kosningum 2005 er hann hlaut 10 þingsæti en árið 2009 beið hann afhróð enn á ný og fékk þá aðeins tvö þingsæti. Í aðdraganda þingkosninganna 2017 létu talsmenn Vinstriflokksins það í ljós að flokkurinn gæti því aðeins átt aðild að ríkisstjórnarsamstarfi að Framfaraflokkurinn kæmi þar hvernig nærri. Að kosningum loknum breyttist þó afstaða

meiri hluta þeirra sem réðu ferðinni hvað þetta snerti og svo fór að Vinstriflokkurinn gekk til liðs við ríkisstjórn Ernu Solberg með Framfaraflokkinn innanborðs í ársbyrjun 2018 og fékk þar þrjú ráðherraembætti.

Aðild Vinstriflokksins að ríkisstjórn Ernu Solberg var umdeild innan hans og hluti stuðningsmanna flokksins sneri við honum baki þegar ákvörðun um hana lá fyrir. Kannanir á afstöðu kjósenda benda ekki til þess að þeir hafi í hyggju að styðja Vinstriflokkinn í kosningunum í haust í miklum mæli. Fylgi við hann mælist aðeins um 3% og verði raunin sú að hann nái ekki 4% þröskuldsgildinu, og eigi þá ekki kost á jöfnunarþingsætum, er ótvírætt að hlutur hans á Stórþinginu verður smár.

[Kristelig Folkeparti – Kristilegi þjóðarflokkurinn](#)

Kristilegi þjóðarflokkurinn var stofnaður árið 1933. Eins og títt er um kristilega flokka í mótmealendalöndum Evrópu hefur hann staðsett sig á miðju stjórnmálanna, heldur fram kristnum gildum og hafnar sósíalisma en er hlynntur velferðarkerfi og ýmsum félagslegum úrræðum. Formaður Kristilega þjóðarflokksins er [Kjell Ingolf Ropstad](#) sem hefur leitt hann frá árinu 2019.

Kristilegi þjóðarflokkurinn hefur ávallt hlotið þingsæti í Stórþingskosningum frá stofnun hans. Hann átti í fyrsta sinn aðild að ríkisstjórn 1963 og hefur lagt til ráðherra í flestar miðhægri stjórnir síðan. Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs á árabílinu 1997–2000 og 2001–2005, var liðsmaður Kristilega þjóðarflokksins og formaður hans um árabíl. Á 8. og 10. áratug síðustu aldar átti Kristilegi þjóðarflokkurinn góðu gengi að fagna en í þeim fimm stórþingskosningum sem farið hafa fram á þessari öld hefur hallað undan fæti fyrir flokknum og fylgi hans færst nær því sem það var fyrir 1970. Útkoma Kristilega þjóðarflokksins í síðustu þingskosningum var hin slakasta í áratugi. Fylgið nam aðeins 4,2% og þingsætin urðu átta, þar af voru fimm jöfnunarsæti.

Þátttaka Kristilega þjóðarflokksins í ríkisstjórn Ernu Solberg frá ársbyrjun 2019 var umdeild meðal flokksmanna og olli því m.a. að leiðtogaskipti urðu í flokknum. Stjórnarsetan virðist ekki ætla að koma Kristilega þjóðarflokknum til góða í komandi þingskosningum. Skoðanakannanir um fylgi norsku stjórnmálaflokkanna í ár hafa flestar bent til þess að kjörfylgi hans á landsvísu verði innan við 4% þröskuldsgildið í kosningunum í haust. Fari svo munu engin jöfnunarþingsæti koma í hlut flokksins og næsta víst að kjördæmasæti hans verða fá ef hlutdeild hans verður í samræmi við niðurstöður fylgiskannana.

[Miljøpartiet De Grønne – Umhverfisflokkur græningja](#)

Umhverfisflokkur græningja var stofnaður árið 1988. Formaður flokksins er [Une Bastholm](#) sem jafnframt er eini þingmaður flokksins.

Eins og heiti flokksins bendir til eru umhverfismál áberandi á stefnuskrá hans, ekki síst framkvæmd umhverfis- og loftslagsmála í nærsamfélaginu og hugtökin lífrænt, femínismi, friðarstefna, grasrótarlýðræði og fjölmening einkenna gjarnan framlög flokksmanna til stjórnmálaumræðunnar. Talsmenn flokksins höfðuðu því lengstum að taka afstöðu til hinnar rótgrónu skiptingar í hægri og vinstri þegar þeir voru beðnir um að skilgreina Umhverfisflokkinn en á þessu varð breyting haustið 2020 þegar samþykkt var gerð innan hans um stuðning við rauðgrænu fylkinguna í norskum stjórnmálum.

Umhverfisflokkur græningja bauð fram við allar stórþingskosningar frá 1989 en hlaut aldrei þingsæti fyrr en 2013 þegar fylgi hans á landsvísu reyndist 2,8% sem skilaði honum einu sæti. Í kosningunum 2017 jókst fylgið í 3,2% og enn á ný fékk flokkurinn einn þingmann.

Skoðanakannanir í ár hafa flestar verið Umhverfisflokki græningja fremur hagstæðar og sumar þeirra hafa bent til þess að fylgi hans gæti farið yfir 4% sem gæfi honum kost á jöfnunarþingsætum. Líkurnar á því eru þó minni en meiri en ef svo færi gæti það breytt nokkru um stjórnarmyndunarkosti eftir kosningar í ljósi þess að nú liggur fyrir hvora meginfylkinguna í norskum stjórnmálum flokkurinn styður.

[Rødt – Rautt](#)

Rautt var stofnað árið 2007 við samruna tveggja stjórnmálaafila yst á vinstri kanti norskra stjórnmála og telst flokkurinn til róttækra sósíalístahreyfinga. Áður var til Rauða kosningabandalagið (no. *Rød Valgallianse*) og er það forveri flokksins. Leiðtogi Rauðs frá 2012 og eini þingmaður flokksins er [Bjørnar Moxnes](#) sem kosinn var í Ósló þar sem Rautt hlaut 6,3% atkvæða en landsfylgið var 2,4%.

Að meðtöldu Rauða kosningabandalaginu hefur Rautt boðið fram við stórþingskosningar frá 1973 en flokkurinn hlaut aðeins þingsæti 1993 og 2017, eitt í hvort skipti. Undirtektir við framboð flokksins í sveitarstjórnar- og fylkisþingskosningum árið 2019 voru hins vegar betri en nokkru sinni áður og skoðanakannanir undanfarið hafa flestar bent til þess að fylgi hans í komandi þingskosningum verði meira en áður hefur sést. Samkvæmt

samantekt á niðurstöðum fylgiskannana í ár eru meiri líkur en minni á því að Rautt komist yfir þröskuldsgildið og fái jöfnunarþingmenn. Myndi það breyta stöðu flokksins á Stórþinginu verulega og hafa áhrif á stjórnarmyndunarkosti.

Aðrir flokkar

Reglur um framboð til Stórþingsins eru þannig að auðvelt er að bjóða fram og meðal þess sem einkennir þingkosningar í Noregi er hinn mikli fjöldi flokka sem kjósendur geta valið um. Árangur margra þeirra í kosningum hefur reynst ærið smár í atkvæðum talinn. Hluttur flokka sem ekki fá fulltrúa á Stórþingið í heildarkjörfylgi norskra stjórnámálflokka hefur þó vaxið nokkuð á síðustu árum, var 1% árið 2009 en 1,8% árið 2017.³

Hér verður getið átta stjórnámálflokka sem buðu fram við síðustu Stórþingskosningar en fengu ekki nægilegt fylgi til að hljóta þingmann og tveggja að auki sem bjóða nú fram í fyrsta sinn og hefst upptalningin á þeim.

[Partiet Sentrum](#) er nýr flokkur, stofnaður árið 2020. Stefnuskrá flokksins er að verulegu leyti byggð á sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og í henni er einnig lögð rík áhersla á fjölmenningu, fjölbreytileika og jöfnuð. Leiðtogi flokksins er kunnur lögmaður, Geir Lippestad, sem lengi var virkur innan Verkamannaflokksins og varð þjóðþekktur sem verjandi illvirkjans Anders Behring Breiviks.

[Industri- og Næringspartiet](#) var settur á stofn árið 2020. Flokkurinn skilgreinir sig á miðju norskra stjórnámála og vill stuðla að iðnaðaruppbyggingu í Noregi og almennri þróun atvinnulífsins, m.a. með stuðningi við frumkvöðla. Þá vill flokkurinn auka orkuframleiðslu í Noregi og að landið verði aðili að ACER, Samstarfsstofnun Evrópusambandsins fyrir eftirlitsaðila á orkumarkaði.

[Pensjonistpartiet](#), flokkur eftirlaunaþega sem hvorki telur sig til hægri eða vinstri stjórnámálafla. Flokkurinn leggur áherslu á hækkan lægsta framfærslulífeyris eftirlaunafólks og vill bæta kjör þessa hóps í hvívetna.

[Demokratene](#) er íhaldsflokkur sem andæfir hnattvæðingu og yfirþjóðlegum stofnunum og leggur mikla áherslu á varðveislu norskrar menningar og kristinnar menningararfleifðar. Flokkurinn vill að Noregur segi skilið við Evrópska efnahagssvæðið og Schengen-samstarfið og er mjög áfram um að þjóðaratkvæðagreiðslum verði beitt í ríkari mæli við úrlausn mála.

[Folkeaksjonen nei til mer bompenger](#) telur sig hvorki til hægri né vinstri en kveðst berjast fyrir réttindum einstaklinga í hvívetna og hefur ýmislegt við skattheimtu og ráðstöfun norskra stjórnvalda á skattfé að athuga. Flokkurinn á uppruna sinn í andstöðu við vegtolla á þjóðvegum Noregs, liðsmenn hans eru gagnrýnir á fjárútlát til umhverfis- og loftslagsmála og vilja að Noregur losi sig úr skuldbindingum Parísarsáttmálans og annarra alþjóðlegra samninga um loftslagsmál.

[Partiet De Kristne](#) telur sig til kristilegra hægri flokka. Flokkurinn telur þjóðríkið æskilegasta fyrirkomulagið, hann hafnar hnattvæðingu og vill að aðild Noregs að Evrópska efnahagssvæðinu ljúki hið fyrsta. Flokkurinn byggir starf sitt á kristinni arfleifð og meðal þess sem hann leggur áherslu á er að fóstureyðingum í Noregi fækki.

[Piratpartiet](#) er píratflokkur Noregs. Flokkurinn leggur mikla áherslu á frelsi einstaklingsins og réttinn til einkalífs. Einnig vill flokkurinn nýta internetið til að auka lýðræði og hvetur til opinna stjórnsýslu í hvívetna. Þá vill flokkurinn gera miklar breytingar á reglum um höfundarétt og telur að nógildandi fyrirkomulag sé ógn við frjálsa tjáningu.

[Liberalistene](#) er flokkur sem telur sig til hefðbundinna frjálslyndisflokka og leggur í samræmi við það áherslu á einstaklingsfrelsi, takmörkuð umsvif hins opinbera, minni miðstýringu og afnám gjalda á atvinnustarfsemi. Flokkurinn telur rétt að afnema refsingar fyrir sölu og neyslu vímuefna og vill að bann við kaupskap með kynlífsþjónustu fari sömu leið.

[Helsepartiet](#) einbeitir sér að málefnum heilbrigðiskerfisins, notendum þess og aðstandendum þeirra. Flokkurinn er með á stefnuskrá sinni ýmsar tillögur að endurbótum á heilbrigðiskerfinu og hvetur til stefnubreytingar á þeim vettvangi, m.a. með því að horfið verði frá þeirri stjórnunarstefnu sem kennd er við New Public Management og hefur haft mikil áhrif í norska heilbrigðiskerfinu.


[Alliansen](#) er sérstæður meðal norskra stjórnámálflokka þar sem eini meðlimur hans er formaðurinn, Hans Jørgen Lysglimt Johansen, sem kunnur er fyrir gifuryrði og gjallandi ummæli, og stefnuskrá fyrirfinnst engin.

³ [Stortingsvalg. Velgeropp Slutning ved tre siste stortingsvalg.](#)

Ekki eru gerðar aðrar kröfur til frambjóðenda flokksins en að þeir vilji segja Noreg úr Evrópska efnahagssvæðinu og Schengen-samstarfinu.

Fylkingar

Myndin til hægri, sem fengin er af [vefsvæði Stórbingsins](#), lýsir í senn flokkaskipan þess eftir kosningarnar 2017 og fylkingunum tveimur í norskum stjórnámum, vinstra og hægri megin miðjunnar, eins og þær voru þá skipaðar. Rótgróid er í norski stjórnámumfjöllun að telja vinstri fylkinguna sósíalíska en þá hægri borgaralega en nú á tímum álíta margir þessa flokkun lítils virði sökum þess að erfitt sé að greina grundvallarmun á



stefnu og áherslumálum stóru flokkanna sem vega þyngst sitt hvorum megin miðjunnar og einnig vegna þess að fylkingarnar hafi riðlast þar sem flokkar sem áður voru samstíga um margt séu það ekki lengur. Þrátt fyrir þetta er skipting fjölflokkakerfisins í tvær meginfylkingar virk að því leyti að þingkosningarnar snúast að hluta til um það hvort mynduð verði ríkisstjórn þar sem vinstri eða hægri flokkur fari með ráðandi hlut og seint myndi það gerast að flokkar sem telja sig afdráttarlaust til hægri eða vinstri næðu saman um ríkisstjórnarsamstarf. Þar sem fylkingarnar í norskum stjórnámum eru settar saman úr nokkrum harla ólíkum flokkum getur afstaða jafar- og miðjuflokka haft úrslitaáhrif á það hvers konar stjórn verður mynduð og slíkir flokkar geta einnig sett skýrt mark á málefna grundvöll ríkisstjórnar og komið ýmsum sérmálum sínum fram. Sem dæmi um það er nefnt að Vinstriflokkurinn hafði það í gegn fyrir stuðning sinn við fráfarandi ríkisstjórn að loðýrabúskapur yrði lagður af í Noregi en fullvíst þykir að sú stefna njóti ekki ýkja mikils stuðnings meðal landsmanna. Þessi staða dregur einnig athyglina að áhrifum 4% þröskuldsgildisins og jöfnunarbingsætanna á stjórnarmyndunarkosti. Það getur oltið á því hvort smáflokkur komist yfir 4% markið og hljóti jöfnunarsæti hvort mynduð verður vinstri eða hægri stjórn eða miðjustjórn til hægri eða vinstri.

Kosningamálin

Þegar þingkosningar fóru síðast fram í Noregi árið 2017 bar innflytjendamál hátt í umræðunni enda kosningarnar hinar fyrstu sem haldnar voru eftir að flóttafólk tók að streyma til Evrópulanda frá Sírlandi á árunum 2014–2015 undan hörmungum borgarastyrjaldarinnar þar. Undanfarin ár hafa hælisleitendur í Noregi verið langtum færri en þá og þótt málefni innflytjenda og innflytjendastefna séu vissulega til umræðu í aðdraganda kosninganna í haust eru slík mál miklu minna áberandi nú en þá.

Rekstrarform í heilbrigðisþjónustu er meðal þess sem tekist er á um í aðdraganda kosninganna. Hægriflokkurinn hvetur til aukins einkareksturs í þessum geira og vill fjölga valkostum notenda heilbrigðiskerfisins en vinstri flokkarnir telja mikilvægt að halda í hið opinbera heilbrigðiskerfi og efla það og að þeirra mati er einkareksturinn ekki til þess fallinn að nýta vel þá fjármuni sem lagðir eru til heilbrigðismála.

Skattamál, samgöngumál og menntamál eru gjarnan til umræðu þegar frambjóðendur fara á fjörur við kjösendur eða takast á innbyrðis. Skattahlutfallið og skattþrepi eru sígilt umræðuefni og nú er erfðafjárskattur nokkuð umtalaður. Ríkisstjórn Ernu Solberg afnam erfðafjárskattinn fljótlega eftir að hún tók við og hægri flokkarnir vilja að það haldist. Sama máli gegnir um Verkamannaflokkinn en flokkarnir til vinstri við hann og sumir miðjuflokkarnir vilja innleiða þennan skatt á ný. Umræður um samgöngumál einkennast gjarnan af skoðanaskiptum um það hvort fremur beri að leggja almannafé í akvegi fyrir bifreiðar eða járnbrautakerfið. Liðsmenn vinstri flokkanna eru hallari undir járnbrautir, strætisvagna og hópferðabíla en þeir sem leggja traust sitt á hægri flokkana en þeir halda gjarnan fram kostum einkabifreiða. Samgöngumál strjálbýlla svæða eru mjög til umræðu nú sem oft áður. Vegatollar á norskum þjóðvegum eru oftlega bitbein þarlandra stjórnámamanna og stofnaður hefur verið sérstakur flokkur þeim til höfuðs en sá hefur raunar notið lítils kjörfylgis hingað til. Brottfall nemenda úr framhaldsskólum og erfiðleika iðnnema við að komast á námssamning ber gjarnan á góma og það á einnig við um gildi prófa og annarra frammistöðumælinga í grunnskólakerfinu.

Umhverfis- og loftslagsmál eru sívinsælt umræðuefni í aðdraganda þingkosninga og enginn flokkur getur lengur komist upp með annað en að hafa stefnu í þessum málum. Málaflokkurinn tengist orkuöflun og orkunotkun og er því fyrirferðarmikill í olúríkinu Noregi. Stóru flokkarnir, Verkamannaflokkurinn og Hægriflokkurinn, vilja báðir að jarðefnaeldsneyti verði áfram unnið á landgrunni Noregs en leitað verði allra leiða til að draga úr hinum neikvæðu umhverfisáhrifum þessarar starfsemi. Afstaða annarra flokka til olú- og gasvinnslu er með ýmsu móti. Framfaraflokkurinn telur rétt að auka og efla olúíðnaðinn en Sósíalíska vinstriflokkurinn leggur til að dregið verði verulega úr honum og vinnslunni hætt í fyrirsjáanlegri framtíð. Vinstriflokkurinn leggur til að hætt verði að

leita nýrra olíu- og gaslinda á norska landgrunninu en Hægriflokkurinn telur að hefja beri leit að jarðefnaeldsneyti á svæðum sem hingað til hefur verið haldið utan við athafnasvæði olíuöndunarins svo að nefnd séu dæmi um ólíkar áherslur flokkanna hvað þetta snertir. Norski olíu- og gasiöndurinn er ríkisrekinn að verulegu leyti og flestum er ljóst að hið umfangsmikla norska velferðarsamfélag, þar sem ríkisútgjöld nema um 51% af landsframleiðslu, sækir efnahagslegan þrótt sinn að verulegu leyti til ágóðans af vinnslu jarðefnaeldsneytis og að samdráttur þar muni þýða samdrátt í útgjöldum til velferðarmála. Spurningin um það hvað sé á sig leggjandi fyrir umhverfismál og breytta orkuöflun er því mikilvæg þegar norskir kjósendur veita kjörnum fulltrúum umboð til að marka samfélaginu stefnu til næstu fjögurra ára.

Þegar að öryggis- og varnarmálum kemur er lítill munur á stefnu stóru flokkanna. Verkamannaflokkurinn og Hægriflokkurinn eru báðir eindregið fylgjandi aðild Noregs að NATO og vilja að útgjöld til varnarmála verði 2% af vergri landsframleiðslu eins og NATO leggur til. Fyrr á þessu ári gerðu norsk stjórnvöld viðbótar varnarsamning við Bandaríkin (e. *Supplementary Defence Cooperation Agreement*) sem veitir Bandaríkjunum vídtækar heimildir til að athafna sig á fjórum norskum herstöðvum. Flokkarnir sem eru lengst til vinstri eru andvígir þessu samkomulagi, einkum er Rautt eindregið í þeirri afstöðu að herstöðvar erlendra ríkja á norsku yfirráðasvæði eigi ekki að líðast, og herstöðvaandstæðingar lýsa áhyggjum yfir því að aukinn vígbúnaður kunni að auka hættuna á átökum á norðurslóðum. Þar sem svo mikill samhljómur um öryggis- og varnarmál er milli helstu flokka í norskum stjórnámálum eru ekki líkur á mikilli stefnubreytingu í þeim efnunum þótt annað stjórnarmynstur kæmi að loknum kosningum en það sem verið hefur.

Eins og gefur að skilja eru málefni tengd heimsfaraldri kórónuveiru nokkuð áberandi í aðdraganda norsku þingkosninganna en enginn stjórnámálflokkur er líklegur til að hagnast eða skaðast sérstaklega hans vegna. Stjórnvöld hafa sett og framfylgt sóttvarnastefnu sem útheimti vídtækar takmarkanir á athöfnum almennings en stuðlaði að því að útbreiðsla COVID-19 hefur verið minni í Noregi en mörgum löndum öðrum í Evrópu og dauðsföll að sama skapi færri þar en víða annars staðar. Sóttvarnastefna stjórnvalda virðist njóta nokkuð vídtæks stuðnings og ekkert hefur borið til sem gefur stjórnarandstöðuflokkum upplagt tilefni til að gagnrýna stjórnvöld fyrir andvaraleysi eða lausatök í þessum efnunum. En þegar kemur að umræðu um afleiðingar hafta og hindrana sem settar voru vegna faraldursins koma fram margar ólíkar skoðanir og sjónarmið og mat fulltrúa flokkanna á því hvar brýnast sé að hið opinbera láti til sín taka er gerólíkt. Sumir nefna börn og ungmenni sem hafi farið á mis við skólavist og félagslíf, aðrir aldraða sem byrgðu sig inni mánuðum saman og enn aðrir atvinnulíf landsins sem hafi orðið fyrir miklu tjóni og er þá aðeins fátt eitt talið af því sem norskir stjórnámálamenn tína til þegar fjallað er um afleiðingar COVID-19 þar í landi. Tillögur um viðbrögð og ráðstafanir eru einnig ólíkar en þeim má í grófum dráttum skipta í tvennt; ráðstöfunum sem beinast að einstaklingunum milliliðalaust og ráðstöfunum til að styrkja stöðu fyrirtækja og atvinnulífs.

Hér hefur aðeins verið dregið á fáein þeirra mála sem fjallað er um í aðdraganda stórþingskosninganna 13. september. Fullkomin skrá um þau yrði löng og fjölbreytt og einkennir það kosningabaráttuna nú að enginn einn málflokkur tekur allt yfir eins og flóttamannamálin gerðu fyrir síðustu kosningar. Málefni á borð við innflytjendamál og umhverfismál eru stundum talin til nýstjórnamála (e. *new politics*) með tilvísun til þess að þau voru ekki meðal þeirra mála sem eldri flokkar byggðu tilveru sína á og hafa raunar oft orðið til að kljúfa þá. Slík mál eru vissulega til umræðu nú en meira ber á málefnum sem lengur hafa notið athygli stjórnámálamanna og kjósenda, svo sem velferðarmál, efnahagsmál, uppbygging innviða og skipting efnalegra gæða.

Ríkisstjórnir í Noregi frá 2000

17. 03. 2000–19. 10. 2001 – vinstri stjórn

Ríkisstjórnin var minnihlutastjórn skipuð ráðherrum í Verkamannaflokknum undir forsæti Jens Stoltenbergs. Ríkisstjórnin tók við eftir að fyrri ríkisstjórn, leidd af Kjell Magne Bondevik, hafði glatað þingmeirihluta sínum. Ríkisstjórn Jens Stoltenbergs fór frá völdum eftir þingkosningar haustið 2001 en í þeim fækkaði þingmönnum Verkamannaflokksins úr 65 í 43.

19. 10. 2001–17. 10. 2005 – hægri stjórn

Ríkisstjórnin, sem var minnihlutastjórn, var skipuð ráðherrum úr Kristilega þjóðarflokknum, Hægriflokknum og Vinstriflokknum. Forsætisráðherra var Kjell Magne Bondevik úr Kristilega þjóðarflokknum. Ríkisstjórnin fór frá að loknum þingkosningum haustið 2005. Verkamannaflokkurinn styrkti stöðu sína í þessum kosningum og komst í aðstöðu til að leiða næstu ríkisstjórn sem hélt í tvö kjörtímabil.

17. 10. 2005–16. 10. 2013 – rauðgræn samsteypustjórn

Ríkisstjórnin studdist við þingmeirihluta og var skipuð ráðherrum úr Verkamannaflokknum, Miðflokknum og Sósíalíska vinstriflokknum og var þetta fyrsta samsteypustjórnin sem Verkamannaflokkurinn starfaði í og fyrsta

meirihlutastjórnin frá 1985. Stjórnarflokkarnir héldu hlut sínum í þingkosningum haustið 2009 og ríkisstjórnin var við völd þar til eftir þingkosningarnar haustið 2013 en missti þá meiri hluta sinn og hægri stjórn tók við.

16. 10. 2013 – hægri stjórn

Ríkisstjórn Ernu Solberg er minnihlutastjórn sem skipuð var ráðherrum úr Hægri flokknum og Framfaraflokknum fram til ársins 2018 en þá gekk Vinstriflokkurinn til liðs við stjórnina og árið 2019 gerði Kristilegi þjóðarflokkurinn slíkt hið sama. Varð stjórnin þá borgaraleg meirihlutastjórn um skeið, hin fyrsta í Noregi frá 1985, en því tímabili lauk þegar Framfaraflokkurinn sagði skilið við hana í byrjun ársins 2020 og stjórnin varð minnihlutastjórn á ný. Ríkisstjórn undir forsæti Ernu Solberg hefur verið við lýði í tvö kjörtímabil og munu kosningarnar haustið 2021 leiða í ljós hvort svo verði áfram.

Kristján Sveinsson

Vefsíður

[Direktoratet for samfunnssikkerhet og beredskap – Almannavarnastofnun Noregs](#)

[ESTIMITE – Reiknilíkan fyrir kannanir á kjörfylgi norskra stjórnmalaflokka](#)

[IPU Parline. Global data on national parliaments –Alþjóðlegur gagnagrunnur um þingkosningar og kosningaúrslit](#)

[Kommunal- og moderniseringsdepartementet – Sveitarfélaga- og nútímavæðingarráðuneytið](#)

[Lavinia – Reiknivél sem dregur fram áhrif breytinga á kosningakerfinu](#)

[Medietilsynet – Fjölmiðlaeftirlitið](#)

[Nasjonal sikkerhetsmyndighet – Þjóðaröryggisstofnun Noregs](#)

[Partiregistret – Skrá um stjórnmalaflokka](#)

[Poll of polls – Skoðanakannanir um fylgi stjórnmalaflokka](#)

[Statistisk sentralbyrå – Hagstofa Noregs](#)

[Stortingsvalg – Upplýsingasiða norska þjóðþingsins um þingkosningar](#)

[Valgdirektoratet – Landskjörstjórn Noregs](#)

[Valgforskningsprogrammet – Kosningarannsóknir. Stjórnmalafraeðistofnun Óslóarháskóla](#)

[Vefsvæði Bernts Aardals, stjórnmalafraeðiprófessors í Ósló](#)